

Náttúrustofa Norðausturlands
bt. Yann Kolbeinsson
Hafnarstétt 3
640 Húsavík
nna@nna.is



UMHVERFISSTOFNUN

Ísafjörður 19. júní 2017
UST201705-120/J.S.J.
09.05.00

Umsókn um framkvæmdaleyfi - Hornstrandir

Umhverfisstofnun hefur mótttekið erindi Yann Kolbeinssonar, fyrir hönd Náttústofu Austurlands dags. 15. maí 2017, vegna fyrirhugaðra framkvæmdar innan friðlandsins á Hornströndum.

Hornstrandir eru friðland skv. auglýsingu um friðland á Hornströndum nr. 332/1985 í B-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt auglýsingunni er skylt að ganga þannig um að ekki sé spillt lífríki, jarðmyndunum og mannvirkjum. Jarðrask er háð leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. 1. og 4. gr. ofangreindrar auglýsingar.

Lýsing framkvæmdar:

Hugmyndin er að staðsetja myndavélabúnað og sólar sellu við Langakamb sem er berggangur sem gengur út úr Hvannadal við Hælavíkurbjarg. Þar sem myndað yrði á 1 klst. fresti árið um kring. Áherslan yrði að mynda svartfugla (langvíur og stuttnefjur) til að meta ungaframleiðslu þeirra, sem annars er erfitt og tímafrekt verk, en einnig geta fengist upplýsingar um ungaframleiðslu fýls og ritu séu þær tegundir á sama stað. Lagt verðu upp með að setja vélinu upp í byrjun júlí 2017. Því munu ekki fást góðar niðurstöður fyrir sumarið 2017 þar sem varpið verður langt á veg komið en vélin verður þá klár fyrir upphaf varptímans 2018. Lítið viðhald fylgir þessum vélum annað en að skipta um minnskort amk. einu sinni á ári og fullvissa sig um að vélin virki.

Áhrifamat:

Við Hælavíkurbjarg sést vel hvernig svæðið hefur byggst upp af röð eldgosa því að hraunlög eru vel sýnileg og setlög á milli. Jarðlögin eru hluti af blágrýtismynduninni, um 12-15 miljón ára gömul, ein hin elstu á landinu. Fjöldi bergganga skerst í gegnum hraunlagastaflann en sjávarrof einkennir landmótun við bjargið. Hælavíkurbjarg var nýtt til eggja- og fuglatöku þegar svæðið var í ábúð, enda bjargið mikilvægt búsvæði fyrir sjófugl á svæðinu. Ríkir því sterk aðgæsluskylda á þeim sem fara um svæðið. Umhverfisstofnun telur að það hvernig til tekst um áhrif fyrirhugaðrar rannsóknar innan friðlandsins á Hornströndum, sé háð því hvernig staðið verði að verki.


Umsögn Hornstrandanefndar:

Hornstrandanefnd tekur jákvætt í fyrirhugaða framkvæmd eins og henni er lýst af umsækjanda, nefndin telur að framkvæmdin muni ekki rýra verndargildi svæðisins. Nefndin telur rétt að setja tímamörk við mögulega leyfisveitingu, þ.e. að metið verði að nýju eftir 5 ár hvort endurnýja eigi leyfið eða fella það úr gildi.


Umhverfisstofnun telur að fyrirhuguð framkvæmd eins og henni er lýst af umsækjanda, muni ekki rýra verndargildi svæðisins, heldur stuðla að aukinni þekkingu á þeim fuglastofnun sem nýta bjargið sem búsvæði. Umhverfisstofnun veitir fyrir sitt leyti leyfi fyrir ofangreindri framkvæmd til lok árs 2021.

Skilyrði:

- Umhverfisstofnun mælist til að skilgreind tjaldsvæði og innviðir verði notaðir af þeim sem koma að fyrirhugaðri rannsókn, nema landeigendur gefi leyfi um annað.
- Umhverfisstofnun mælist til þess að samráð verði haft við landeigendur á svæðinu sem varða fyrirhugaða rannsókn.
- Að lokinni rannsókn skal framkvæmdaaðili fjarlægja búnað og sjá til þess að lágmarka ummerki þess að rask hafi átt sér stað.
- Umhverfisstofnun óskar eftir því að vera upplýst reglulega um gang rannsókna.
- Umhverfisstofnun óskar eftir því í lok rannsókna að fá afrit af niðurstöðum.


Jón Smári Jónsson
Sérfræðingur

Virðingarfyllt


Sigrún Ágústsdóttir
Sviðstjóri